



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Umsókn Skóla Ísaks Jónssonar um að heimilt verði að greiða framlag vegna fleiri barna með lögheimili í Reykjavík

Skóla- og frístundasvið hefur haft til meðferðar umsókn Skóla Ísaks Jónssonar um að greitt verði framlag vegna 75 fimm ára barna með lögheimili í Reykjavík í stað 70. Vegna gagnaöflunar náðist ekki að leggja málið fyrir skóla- og frístundaráð til afgreiðslu fyrir sumarleyfi. Meðfylgjandi er minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 27. júní 2021, rekstrarleyfi vegna fimm ára deildar, umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs dags. 24. júní 2021, samningur dags. 31. janúar 2019 og viðaukar við framangreindan þjónustusamning dags. 8. október 2020 og 12. júlí 2019.

Með vísan til meðfylgjandi gagna er óskað eftir að málið verði afgreitt með eftirfarandi hætti:

Lagt er til með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 27. júní 2021, að viðmið um hámarksfjölda fimm ára barna með lögheimili í Reykjavík sem heimilt er að greiða framlag vegna til Skóla Ísaks Jónssonar verði breytt með þeim hætti að heimilt verði að greiða framlag vegna allt að 75 barna frá 1. ágúst 2021 í stað 70. Sviðsstjóra er falið að gera viðauka við núgildandi samning skólans, dags. 31. janúar 2019, vegna breytingarinnar.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs